

1860.

26. sept.

Við 2. gr.

Byrjunin á uppástungu alþingis um þessa grein: „Á allar þær lóðir, sem eigi eru undan skildar eptir 1. gr.” er óheppilega orðuð til að tákna það, sem til er ætlað; en það eru þær lóðir, sem fylgja tómthúsunum, og eru undan skildar sérstöku gjaldi, sem lóðir, eptir 2. gr., með því gjaldið af þeim er fólgið í því gjaldi, sem er lagt á tómthúsin í 1. grein. Byrjun greinarinnar hefir því verið breytt þannig: „Á allar þær lóðir sem — — — — ekki verða heimfærðar undir ákvörðunina í 1. grein”, og er með því móti tekið fyrir allan efa um það, hvernig skilja eigi orð þessi. Í enda greinarinnar, sem var ónákvæmt orðaður í uppástungu alþingis, hefir og verið gjörð orðabreyting.

Við 3. gr.

Þessi grein er öldungis samhljóða 3. gr. í frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi.

Við 4. gr.

Samkvæmt uppástungu alþingis er það ákveðið, að lagaboð þetta fái lagagildi 1. dag janúarm. 1861.

Hans hátign konungurinn veitti síðan mildilegast samþykki til þess, að frumvarpið, þannig breytt, skyldi koma út sem lög fyrir Ísland.

29. sept.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir nordur- og austurumdæminu, um bjargarskort í Múla sýslum m. m.

Þér hafð, herra amtmáður, í bréfi 16. júlímánaðar er leið skýrt frá, að sýslumaðurinn í Sudurmúla sýslu hafi 3. dag sama mánaðar beðið um aðstoð yðar til að afstýra bjargarskorti, er óttast megi þar í sýslunni næstkomanda vetur, svo framarlega sem verzlunarhúsið Örum & Wulff ekki sendi þangað nú í haust töluverðan vöruforða; og með því bjargræðisvegirnir

1860.
29. sept.

sumstaðar í Múla sýslum, eptir því sem yður hafa borizt fregnir um, eru mjög illa á sig komnir, þá hafið þér skorað á stjórnina um liðsinni í þessu efni, þegar þar að lútandi bænarskrár koma frá sýslumönnum þeim, er hlut eiga að máli. Síðan hefir dómsmálastjórnin fengið bænarskrá frá sýslumanninum í Suðurmúla sýslu, dagsetta 3. dag júlímánaðar, og er í henni farið fram á það, sem á er vikið í bréfi yðar. Eptir þetta var leitað skýrslu hjá verzlunarhúsinu Örum & Wulff, hvort þegar hafi verið sendar nokkrar kornvörur síðan bænarskráin var samin, eða þær verði sendar enn í haust til þeirra verzlunarstaða, er verzlunarhús þetta á í Múla sýslum, einkum til Eskifjarðar; því eptir því, sem sýslumaður skýrir frá, er hættast við, að þar muni verða matvöruskortur. Verzlunarhús þetta hefir svarað því, að 24. f. m. hafi verið sendar hëðan 930 tonn af kornvörum til Eskifjarðar, og þar að auki 460 tonn til Seyðisfjarðar, og að eptir þessum vörubyrðum þyrfti varla að óttast bjargarskort; dómsmálastjórninni hefir því ekki þótt ástæða til að gjöra meira í þessu efni.

Um leið og dómsmálastjórnin gefur yður þetta til vitundar, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það Jónasi sýslumanni Thorstensen, verður hún að geta þess, að það hefir allopt borið við, einkum núna síðustu árin, að yfirvöldin á Íslandi og landsmenn hafa leitað til stjórnarinnar, þegar einhverra hluta vegna hefir þótt hætt við, að einhver verzlunarstaður væri ekki nógu byrgur af kornvörum, og beðið hana að hlutast svo til, að ráðið yrði úr þeim vandræðum, er til horfði. En dómsmálastjórnin verður við þetta tækifæri að minna yður á, að það er tekið fram í bréfi innarríkisstjórnarinnar 29. janúarm. 1855, að eptir að verzlun á Íslandi er orðin frjáls fyrir allar þjóðir, þá flýtur það af sjálfu sér, að hvorki stjórnin eða danskir kaupmenn geta haft neina sérstaklega skyldu til að annast um vörubyrðir í landinu framvegis. En með því svo er að sjá, sem þessu að undanförmu ekki hafi verið nægilega gaumur gefinn, þykir dómsmálastjórninni vera ástæða til að skora á yður á ný, herra amtmaður, að annast um, að það á tilhlýðilegan hátt verði brýnt fyrir íbúum

